

Ár 2023, miðvikudaginn 5. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Helgi R. Magnússon, Björgu Ástu Þórðardóttur og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 11/2023:

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ
gegn
Viktori Leó Elíassyni

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Viktor Leó Elíasson

Knattspyrnudeild Njarðvíkur

Fyrirsvarsmaður: Ingi Þór Þórsson, framkvæmdastjóri

II.

Málsatvik:

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 27. júní 2023 lá fyrir skýrsla frá dómara vegna leiks Leiknis R. gegn Njarðvík í 3. flokki karla sem fram fór þann 25. júní sl. Í skýrslunni er m.a. tilgreind ástæða brottvísunar Viktors Leós Elíassonar í leiknum. Ástæða sem tilgreind er í skýrslu er; Orðbragð og/eða látbragð sem er særandi, móðgandi eða svívirðilegt

Nánari skýring á brottvísun í skýrslunni er eftirfarandi:

„Á 80+2 mínútur leiksins dæmdi ég aukaspyrnu fyrir Leiknir R. Og rétt áður en spyrnu var tekin hrópaði nr.11 leikmaður Njarðvík sem stóð í varnarveggur Hú! Hú! Hú! og Leiknir leikmaður nr.27 sem tekur spyrnu létt mig víta hvað var um að vera þarna.

Ég kallaði nr.11 hjá Njarðvík til tals og útskýra fyrir honum og gafst honum gult spjald. Strax eftir þetta var leikmaður nr.27 niðurbrot og hlaupið af vellir í gráttu og allir liðsfélags hans reyndi að hlúa yfir honum þegar hann hljóp inn í klefa.

Þjálfara Leiknir vildi ræða við mig um atvik og ég er sammála að þetta er ekki bara eins konar hrædda hrópa frá leikmaður nr.11 Njarðvík og ég kallaði sá leikmaður til mín og afturkalla gult spjald og gaf honum beint rautt.“

Í samræmi við ákvæði 5.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ taldi að framkoma sú sem lýst er í skýrslu dómara í framangreindum leik gæti varðað við ákvæði 15. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við 6. gr. sömu reglugerðar bar aga- og úrskurðarnefnd því að fara með málið sem kærumál, en meðferð slíkra mála frestar ekki sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar sem umræddur leikmaður var úrskurðaður í á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 27. júní sl.

Í samræmi við reglur um meðferð kærumála óskaði aga- og úrskurðarnefnd KSÍ eftir greinargerð/athugasemdum frá knattspyrnudeild Njarðvíkur og óskaði jafnframt eftir að sú greinargerð bærst eigi síðar en kl. 12:00 þriðjudaginn 4. júlí.

Í bréfi sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 4. júlí frá knattspyrnudeildar Njarðvíkur var vísað til bréfs sem áður hafði borist nefndarinnar og eftirfarandi kom fram:

„Njarðvík harmar það atvik sem upp kom í leik Njarðvíkur og Leiknis í 3. flokki kk. sunnudaginn 25. júní. Rétt fyrir leikslok fengu Leiknismenn aukaspyrnu um miðjan vallarhelming Njarðvíkur. Staðan á þeim tímapunkti í leiknum var 4-2 fyrir Njarðvík og voru flestir farnir að bíða eftir því að flautað yrði til leiksloka. Við framkvæmd aukaspyrnu reyndi umræddur leikmaður Njarðvíkur, nr.11, að trufla andstæðing Leiknis, nr.27, með því að hrópa til hans með það að markmiðið að trufla framkvæmd aukaspyrnunnar. Það var ekki ætlun leikmanns nr.11 að særa leikmann nr. 27 með niðrandi hrópum heldur einungis að trufla aukaspyrnuna með látum og hljóðum. Þegar leikmaður nr. 11 áttar sig á því að leikmaður nr. 27 túlkaði truflunina sem niðrandi var leikmaður nr. 11 miður sín og brotnaði niður og var í miklu áfalli. Leikmaður nr. 11 baðst afsökunar og talaði við leikmann nr. 27 og náðu þeir sáttum. Þjálfari flokksins ræddi svo við leikmann nr. 11 og foreldra hans að svona hróp og köll geta verið mistúlkuð og munum við brýna fyrir leikmönnum að svona gerist ekki aftur. Taka skal fram að umræddur dómari breytti gulu spjaldi í rautt eftir samtal við þjálfara Leiknis þrátt fyrir að hafa heyrt þau hljóð sem kölluð voru. Í samtali við leikmann eftir leik kom fram að hljóðið sem notað var til truflunar var “bregðuhljóð” sem viðkomandi leikmaður tengdi við að bregða fólki. Eins og fram kemur í skýrslu dómara var umrætt hljóð “Hú!” Umræddur leikmaður hefur enga sögu um niðrandi eða niðurlægjandi orðanotkun eða athæfi sem tengist þjóðernisuppruna, kynþætti eða litarhætti andstæðinga. Einnig er vert að taka fram að á meðal iðkenda innan knd. Njarðvíkur eru stórir hópar flóttamanna auk þess sem þeir byrjunarliðsmenn Njarðvíkur sem spiluðu þennan leik eru af erlendu bergi brotnir. Við viljum einnig nota tækifærið og hrósa annars góðum dómara þessa leiks sem dæmdi leikinn af mikilli fagmennsku og metnaði þrátt fyrir þessa uppákomu sem hefði getað verið tæklud á annan hátt. Forsvarsmenn Njarðvíkur, leikmenn og þjálfarar harma þetta atvik en kannski sem betur fer byggist það á misskilningi. Við munum hér með taka á því innan félagsins að leikmenn séu ekki að trufla andstæðinga í leik, sama hvaða hljóð eru notuð til þess.“

III.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort leikmaðurinn Viktor Leó Elíasson hafi gerst brotlegur við ákvæði 15. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og um leið hvort brot leiði til ábyrgðar félags á hegðun hans skv. 4. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Hið umdeilda atvik átti sér stað í leik Leiknir R. gegn Njarðvík í 3. flokki karla C riðli þann 25. júní sl. sem fram fór á Domunsnovavellinum.

Í samræmi við grein 5.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ. Samkvæmt því fellur málið undir lögsögu aga- og úrskurðarnefndar skv. 2. gr. sömu reglugerðar.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, m.t.t. þeirra gagna sem aflað hefur verið í málinu, að ekki nægar forsendur liggi frammi fyrir því að framkoma sú sem vitnað er til í skýrslu dómara falli ótvírætt undir grein 15 sömu reglugerðar. Við ákvörðun sína tekur nefndin mið af sönnunarkröfum sem gerðar eru í agamálum, sbr. m.a. dóm áfrýjunardómstóls í máli nr. 1/2021. Nánar tiltekið telur nefndin að ekki séu fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] á því að brot hins kærða leikmanns verði heimfært undir verknaðarlýsingu fyrrnefndrar greinar. Horfir nefndin m.a. til þess að óljóst sé hvort ásetningur hafi verið til staðar af hálfu hins kærða að misbjóða leikmanni Leiknis R. sem og aldurs kærða.

IV.

Úrskurðarorð:

Viktori Leó Elíassyni og knattspyrnudeild Njarðvíkur verður ekki gert að sæta viðurlögum í samræmi 15. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]